

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 23.08.2019

Fundur 5-2019

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar föstudaginn 23. ágúst 2019

í Skagabúð kl. 14:00.

Mætt voru: Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Samningur um eldvarnareftirlit**
- 2. Fjallskilamál**
- 3. Umsókn um framkvæmdaleyfi**
- 4. Styrkvegir 2019**
- 5. Kálfshamarsvík**
- 6. Umboð til handa bókara**
- 7. Þingsályktunartillaga um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2023 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023**
- 8. Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra**
- 9. Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit**
- 10. Bréf og fundargerðir:**
 - a) Norðurá bs. Fundargerð frá 5. júní 2019**
 - b) Félags- og skólaþjónusta A-Hún. Fundargerð frá 18. júní 2019 og ársreikningur 2018**
 - c) Bréf frá Húnvavatnshreppi**
 - d) Tölvubréf frá MAST**
 - e) Tölvubréf frá Þórhalli Ingasyni v/Kálfshamarsvíkur**
 - f) Tölvubréf frá Söru Diljá Hjálmarsdóttur v/ styrktarbeiðni**
 - g) Tölvubréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra**
 - h) Bréf frá Skógræktinni v/ landshlutaáætlunar í skógrækt**
 - i) Tölvubréf frá Mannvirkjastofnun v/ byggingargáttar**

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 23.08.2019

Fundur 5-2019

j) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v/ XXXIV landsþings

k) Tölvubréf frá Karli Björnssyni (SÍS) v/ jöfnunarsjóðs

l) Bréf frá kvenfélaginu Heklu

11. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Samningur um eldvarnareftirlit

Fyrir fundum lágu drög að samningi við Eldstoðir ehf. um eldvarnareftirlit á svæði slökkviliðs Skagastrandar. Engar efnislegar breytingar eru í nýjum drögum frá áður gildandi samningi við fyrirtækið. Samningur þessi er gerður til eins árs og er við bæði sveitarstjórn Skagabyggðar og Skagastrandar. Fyrir liggur að sveitarstjórn Skagastrandar samþykkti samninginn á fundi 20. ágúst s.l.

Sveitastjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning um eldvarnareftirlit og felur oddvita að undirrita hann.

2. Fjallskilamál

Umræður um fjallskilamál svo sem réttarviðgerðir, mönnun, Borgin, fjallskilaniðurröðun og girðingar.

3. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnám úr námu 18072 Skeggjastaðir. Áætlað er að vinna 5000 rúmmetra á tímabilinu 1 júlí 2020 til 1 júní 2021. Framkvæmdaleyfið er veitt, gegn því að efnið verði nýtt til viðhalds á vegum sveitarfélagsins.

4. Styrkvegir 2019

Skv. bréfi frá Vegagerðinni dags. 15. ágúst s.l. er Skagabyggð úthlutað 2,5 milljónir króna í styrkvegafé árið 2019.

Ákveðið er að laga vegi upp að Fossárrétt, niður í Kálfshamarsvík, upp Hallárdal, upp að Langavatni, laga vaðið á Laxá við Skrapatungurétt og upp á Laxárdal ef fjármunirnir leyfa.

5. Kálfshamarsvík

Umræður voru um framkvæmdir við Kálfshamarsvík: klósetthús, plan, girðingu og rotþró.

6. Umboð til handa bókara

Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir að veita Erlu Jónsdóttur og Sigríði Gestsdóttur hjá Lausnamið ehf. skoðunaraðgang að reikningum sveitarfélagsins í Arion banka.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 23.08.2019

Fundur 5-2019

Umboð þess efnis er undirritað. Áður höfðu þær fengið skoðunaraðgang hjá Landsbankanum.

7. Þingsályktunartillaga um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2023 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023

Eftirfarandi bókun var lögð fram og samþykkt:

„Sveitarstjórn Skagabyggðar mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Ráðamenn eru hvattir til að virða hagsmuni íbúa og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málefnum. Sameining sveitarfélaga verður að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir en ekki með valdboðum að ofan“.

Jafnframt er oddvita falið að skila umsögn inn í samráðsgáttina.

8. Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

Frá 1. janúar 2016 hefur sveitarfélagið Skagafjörður verið leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra á Norðurlandi vestra og hafa önnur sveitarfélög á Norðurlandi vestra haft gildan samstarfssamning við það síðan þá. Í þeim samningi kemur fram að veita skuli fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögum, þjónustu í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um málaflokkinn gilda. Þessi samningur rennur út þann 31. desember 2019 en samstarfsaðilar þurfa að ákveða fyrir 1. september 2019 hvort vinna eigi að endurnýjun samningsins. Skagabyggð óskar eftir því að unnið verði að endurnýjun samningsins.

9. Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit

Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit Skagabyggðar lagt fram til kynningar.

10. Bréf og fundargerðir:

a) Norðurá bs. Fundargerð frá 5. júní 2019

Fundargerðin er frá aðalfundi Norðurár bs. sem haldinn var 5. júní s.l. Þar kemur m.a. fram að sveitarfélög reyni að gera allt sem þau geti til að draga úr urðun úrgangs. Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur undir það og hvetur íbúa Skagabyggðar til að flokka sem mest og draga úr urðunarúrgangi.

Lögð fram til kynningar.

b) Félags- og skólaþjónusta A-Hún. Fundargerð frá 18. júní 2019 og ársreikningur 2018

Fundargerðin er frá fundi 18. júní s.l. Þar var meðal annars lagður fram ársreikningur Félags- og skólaþjónustu A- Hún. fyrir 2018. Bæði lögð fram til kynningar.

c) Bréf frá Húnvatnshreppi

Í bréfinu er tilkynnt bókun sveitarstjórnar Húnvatnshrepps frá 12. júní er varðar Byggðasamlag um tónlistarskóla. Bréfið lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 23.08.2019

Fundur 5-2019

d) Tölvubréf frá MAST

Í tölvubréfi dagsettu 17. júlí s.l. frá Jóni Kolbeini Jónssyni héraðsdýralækni Norðurlands vestra er sveitarfélaginu bent á skyldur þess skv. girðingalögum. Í bréfinu fer Matvælastofnun fram á að Skagabyggð hlutist til að allar ónothæfar girðingar og girðingarflækjur séu hreinsaðar burtu af landeigendum. Skagabyggð hafi ekki nýtt sér heimildir sínar til þess að landeigendur hreinsi burt af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Þá sé Skagabyggð ekki einungis heimilt að sjá til þess að landeigendur hreinsi burtu af landi sínu ónothæfar girðingar heldur sé Skagabyggð skylt að sjá til þess að svo sé gert.

Verði ekkert gert af hálfu Skagabyggðar sjái Matvælastofnun ekki annað í stöðunni en að kæra vanrækslu Skagabyggðar til lögreglu. Það er því von Matvælastofnunar að Skagabyggð bregðist við og sinni sínum skyldum.

Oddviti hefur svarað bréfinu og tíundað þar þær hreinsunaraðgerðir sem séu í gangi í sveitarfélaginu, sem og bókun sem gerð var á fundi sveitarstjórnar 12. júní s.l. Áframhaldandi hreinsunaraðgerðir verða ákveðnar í framhaldinu.

e) Tölvubréf frá Þórhalli Ingasyni v/Kálfshamarsvíkur

Í bréfinu er óskað eftir að fá að taka stein úr Kálfshamarsvík og nýta sem legstein.

Kálfshamarsvíkin er friðuð og því miður getur sveitarfélagið þess vegna ekki orðið við þessari beiðni.

f) Tölvubréf frá Söru Diljá Hjálmarsdóttur v/ styrktarbeiðni

Í bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi Skagabyggðar vegna svokallaðs Rólóvinafélags á Skagaströnd.

Sveitarfélagið sér sér ekki fært að styrkja þetta málefni að svo stöddu.

g) Tölvubréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra

Í tölvubréfi dagsettu 27. júní s.l. eru kynntar tvær samþykktir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er samþykktar voru á heilbrigðisnefndarfundi 25. júní s.l. Þær snúa annars vegar að Vinnureglum um númerslausa bíla og hins vegar um starfsleyfi verktaka. Bréfið lagt fram til kynningar og umhugsunar.

h) Bréf frá Skógræktinni v/ landshlutaáætlunar í skógrækt

Með bréfi dagsettu í júní 2019 sendir Skógræktin upplýsingar um landshlutaáætlanir í skógrækt og um bindingu kolefnis og uppbyggingu skógarauðlindarinnar. Jafnframt kemur fram að á næstu misserum muni Skógræktin óska eftir fundum með sveitarstjórnnum til að kynna þessi áform, sem og að ræða hvernig betur megi gera grein fyrir skógrækt og skógræktaráformum í aðalskipulagi sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 23.08.2019
Fundur 5-2019

i) Tölvubréf frá Mannvirkjastofnun v/ byggingargáttar

Í bréfi dagsettu 24. júní s.l. er fjallað um byggingargátt Mannvirkjastofnunar. Oddvita er falið að leita samstarfs við Blönduósbæ varðandi þessi mál.

j) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v/ XXXIV landsþings

Í bréfi dagsettu 11. júní s.l. er boðað til aukalandsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga á Grand Hótel þann 6. september n.k. Aðalefni fundarins er tillaga um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Ekki liggur fyrir hver verður fulltrúi sveitarfélagsins á þessu þingi.

k) Tölvubréf frá Karli Björnssyni v/ jöfnunarsjóðs

Í tölvubréfi dagsettu 20. júní s.l. frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að fallið hafi verið frá svokallaðri frýstingu framlaga Jöfnunarsjóðs 2020 og 2021. Sveitarstjórn Skagabyggðar fagnar þessari breytingu á áður framlagðri tillögu.

l) Bréf frá kvenfélaginu Heklu

Kvenfélagið þakkar sveitarfélaginu fyrir veittan stuðning á árinu 2018.

11. Önnur mál

Sveitarfélagið ákveður að veita Kvenfélaginu Heklu styrk fyrir árið 2019 að upphæð 80 þúsund krónur.

Mikið hefur verið um ágang flugvargs í nágrenni við urðunarstaðinn í Stekkjarvík. Bændur verða fyrir stórtjóni á rúllum og búfé. Oddvita er falið að senda stjórn Norðurár bréf þar að lútandi.

Fleira er ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:00.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Bjarney R. Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson